

Fimmtudaginn 22. janúar 1998.

Nr. 80/1997.

**Byggingafélag Gylfa og Gunnars ehf. og  
Aðalgeir Finnsson**

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

gegn

**Kaupþingi hf.**

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

**og gagnsök**

Skuldabréf. Verðtrygging.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Arn-  
ljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Aðaláfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 21.  
febrúar 1997 og krefjast aðallega sýknu, en til vara lækkunar á kröf-  
um gagnáfrýjanda. Einnig krefjast þeir málskostnaðar í héraði og  
fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði héraðsdómi með stefnu 17. júlí 1997 og  
krefst þess, að aðaláfrýjendur verði dæmdir sameiginlega til að  
greiða sér 1.031.015 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla  
vaxtalaga nr. 25/1987 frá 18. apríl 1992 til greiðsludags. Jafnframt  
krefst gagnáfrýjandi þess, að aðaláfrýjandinn Aðalgeir Finnsson  
verði dæmdur til að greiða dráttarvexti samkvæmt vaxtalögum af  
844.932 krónum frá 20. janúar 1991 til 20. mars sama árs, en af  
1.031.015 krónum frá þeim degi til 18. apríl 1992. Loks krefur gagn-  
áfrýjandi aðaláfrýjendur sameiginlega um málskostnað í héraði og  
fyrir Hæstarétti.

I.

Í hinum áfrýjaða dómi var nánar tilgreindum þætti stefnukröfu  
gagnáfrýjanda vísað af sjálfsdáðum frá dómi. Lækkun stefnukröfu  
nam af þeim sökum 404.974 krónum. Gagnáfrýjandi kærði ekki  
þessa niðurstöðu héraðsdóms til Hæstaréttar. Kemur frávisunar-  
ákvæði hins áfrýjaða dóms því ekki til endurskoðunar fyrir Hæsta-  
rétti.

## II.

Svo sem greinir í héraðsdómi, ber málsaðilum saman um, að fyrirmæli um, að „BVT 147,3“ skyldi vera grunnvísitala skuldabréfanna fimm, sem mál þetta er risið af, merki byggingarvísitölu, eins og hún var í september 1989. Vefengja aðaláfrýjendur, að gagnáfrýjandi geti reist kröfur á því, að skuldabréfin hafi verið verðtryggð samkvæmt byggingarvísitölu.

Í VII. kafla þágildandi laga nr. 13/1979 um stjórn efnahagsmála o. fl. fólst það nýmæli, að heimilað var með tilgreindum skilyrðum að stofna til lánsviðskipta í íslenskum krónum eða öðrum verðmæli með ákvæðum þess efnis, að greiðslur skyldu breytast í hlutfalli við verðvísitölu eða gengi erlends gjaldeyris. Í 36. gr. laganna sagði, að Seðlabanki Íslands skyldi hafa umsjón með framkvæmd ákvæða VII. kafla þeirra og veiti hann heimildir til verðtryggingar, nema hún sé heimiluð sérstaklega í lögum. Í 39. gr. laganna voru talin skilyrði verðtryggingar. Sagði í a-lið 4. töluliðar 1. mgr. 39. gr., að miðað skyldi við opinbera skráða vísitölu eða vísitölur. Í 2. mgr. sömu lagagreinar var svofellt ákvæði: „Seðlabanki Íslands skal birta vísitölur, sem heimilt er að miða verðtryggingu sparifjár og lánsfjár við, ásamt vaxtakjörum.“ Einnig var í 2. mgr. 41. gr. laga nr. 13/1979 kveðið á um, að „önnur verðtryggð viðskipti utan banka og innlánsstofnana“ færi eftir þeim reglum, sem Seðlabankinn setti samkvæmt ákvæðum VII. kafla laganna.

Í samræmi við þetta gaf Seðlabankinn 29. maí 1979 út og birti í Lögbirtingablaði auglýsingu um verðtryggingu lána utan innlánsstofnana. Tók auglýsingin meðal annars til viðskipta, sem nefnd voru í 2. mgr. 41. gr. laga nr. 13/1979. Í auglýsingunni var einungis gert ráð fyrir einni vísitölu, sem verðtrygging gæti miðast við, það er lánskjaravísitölu, sem þá var nýmæli. Svo var einnig í auglýsingu um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár o. fl., sem Seðlabankinn gaf út 21. desember 1987 og birt var í Lögbirtingablaði. Sama á við um auglýsingu nr. 19/1989, sem leysti fyrrnefnda auglýsingu af hólmi. Seðlabankinn gaf síðastgreinda auglýsingu út 23. janúar 1989, og var hún birt í Stjórnartíðindum.

Þótt gert hafi verið ráð fyrir í a-lið 4. töluliðar 1. mgr. 39. gr. laga nr. 13/1979, að grundvöllur verðtryggingar eftir lögnum gæti verið fleiri en ein opinber skráð vísitala, hafði Seðlabanki Íslands sam-

kvæmt framangreindu ekki veitt heimild til að nota byggingarvísitölu sem undirstöðu verðtryggingar í skuldabréfum eins og hér um ræðir. Ekki voru heldur ákvæði í lögum nr. 13/1979, sem heimiluðu slíkan verðtryggingargrunn í almennum viðskiptum með skuldabréf, sbr. hins vegar sérákvæði í 43. gr. laganna, sem veitti viðurkenndum lífeyrissjóðum heimild til að ávaxta sjóði sína í verðtryggðum lánum með hliðstæðum vaxta- og verðtryggingarkjörum og giltu um íbúðalán Húsnæðismálastofnunar ríkisins við veðdeild Landsbanka Íslands.

Af því, sem nú var rakið, verður að fallast á með aðaláfrýjendum, að þau ákvæði um verðtryggingu á grundvelli byggingarvísitölu, sem málsaðilar deila um, hafi ekki verið heimil að lögum. Verða því aðaláfrýjendur sýknaðir af kröfum gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjendum málskostnað, sem ákveðinn er í einu lagi í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og greinir í dómsorði.

#### D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjendur, Byggingafélag Gylfa og Gunnars ehf. og Aðalgeir Finnsson, eru sýknir af kröfum gagnáfrýjanda, Kaupþings hf.

Gagnáfrýjandi greiði hvorum aðaláfrýjenda samtals 175.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

#### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 16. janúar 1997.**

##### I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 19. janúar sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 18. apríl 1996. Málið var þingfest 23. apríl 1996.

Stefnandi er Kaupþing hf., kt. 560882-0419, Kringlunni 5, Reykjavík.

Stefndu eru Byggingafélag Gylfa og Gunnars ehf., kt. 681290-2309, Borgartúni 31, Reykjavík, og Aðalgeir Finnsson, kt. 280838-7999, Eyrarholti 6, Hafnarfirði.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu skuldar, að fjárhæð 1.031.015 kr., með dráttarvöxtum

samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 af 844.932 kr. frá 20. janúar 1991 til 20. mars 1991, en af 1.031.015 kr. frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins að viðbættum virðisaukaskatti á málflytninguþóknun.

Dómkröfur stefndu eru aðallega þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að stefnukröfur verði lækkaðar verulega. Þá er þess krafist, að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefndu málskostnað auk lögmæltis virðisaukaskatts.

## II.

Í byrjun árs 1990 þurfti byggingarverktakinn Aðalgeir Finnsson hf. á skammtímaláni að halda vegna byggingar félagslegra íbúða fyrir stjórn Verkamannabústaða á Akureyri. Úr varð, að félagið gaf 1. febrúar 1990 út fimm skuldabréf til stefnda Aðalgeirs Finnssonar, fjögur að fjárhæð 5.000.000 kr., en hið fimmta að fjárhæð 3.268.600 kr. Nafnverð bréfanna var því samtals 23.268.600 kr. Aðalgeir Finnsson framseldi Hávöxtunarfélaginu hf. bréfin 6. febrúar 1990 og tókst jafnframt á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslu þeirra. Skuldabréf þessi báru ekki vexti. Í stöðluðum texta bréfanna kemur fram, að skuld samkvæmt þeim sé „bundin lánskjaravísitölu skv. ofanskráðu“. Í reit fyrir grunnvísitölu er skráð „BVT 147,3“, sem aðilum ber saman um, að standi fyrir byggingarvísitölu með grunnvísitölu september 1989. Skuld samkvæmt bréfunum skyldi greiða með sjö mánaðarlegum afborgunum, í fyrsta sinn 20. júlí 1990. Af 5 milljón króna bréfunum var hver afborgun um sig 714.215 kr., en af fimmta bréfinu 466.900 kr. auk verðbóta. Áttundu afborgun átti að greiða 20. febrúar 1992, og var hún aðeins 250 kr. af fjórum bréfunum, en 300 kr. af hinu fimmta. Mánaðarlegar afborganir voru því samtals að fjárhæð 3.323.900 kr. Söluverð bréfanna var allnokkru herra en nafnverð þeirra, þ. e. 24.500.664 kr.

Til tryggingar greiðslum bréfanna fimm ávísaði Aðalgeir Finnsson hf. sjö greiðslum samkvæmt verksamningi frá 8. desember 1989 við stjórn Verkamannabústaða á Akureyri vegna kaupa á nýu íbúðum í fjölbýlishúsinu nr. 1 við Melasíðu á Akureyri. Greiðslur þessar átti að inna af hendi með jöfnum mánaðarlegum greiðslum, að fjárhæð 3.323.938 kr., frá 15. júlí 1990 til 15. janúar 1991 auk verðbóta samkvæmt 10. gr. verksamningsins. Samkvæmt verksamningnum skyldi verðbæta þessar greiðslur samkvæmt byggingarvísitölu m.v. grunnvísitölu september 1989. Greiðslur þessar bárust seint, og auk þess voru fjárhæðir framan af miklu lægri en greiðsluávísun gerði ráð fyrir. Samtals bárust greiðslur frá Akureyrarbæ vegna verksamningsins að

fjárhæð 28.128.462 kr., og var þeim ráðstafað til greiðslu fjögurra skuldabréfanna og hluta af hinu fimmta. Í máli þessu er krafist greiðslu á ætluðum eftirstöðvum skuldar samkvæmt einu bréfanna, að fjárhæð 5.000.000 kr. Eftirstöðvarnar eru til komnar vegna dráttarvaxta og innheimtukostnaðar, sem féll á afborganir samkvæmt skuldabréfunum vegna dráttar á greiðslum frá Akureyrarbæ.

1. febrúar 1994 framseldi Hávöxtunarfélagið hf. bréfið stefnanda til innheimtu. Samkvæmt tilkynningu, sem barst Hlutafélagaskrá 18. desember 1991, var Aðalgeir Finnsson hf. sameinað Byggingafélagi Gylfa og Gunnars ehf., og samkvæmt tilkynningu til Hlutafélagaskrár 31. júlí 1992 hafi Aðalgeir Finnsson hf. verið afskráð.

Mál vegna þessarar kröfu var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur 3. mars 1994. Krafðist stefndi frávisunar vegna þess, að málatilbúnaður stefnanda væri óskýr og óljós. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 3. nóvember 1994 var frávisunarkrafa stefnda tekin til greina. Mál vegna kröfunnar var höfðað á nýjan leik með stefnu, birtri 2. maí 1995, en fellt niður við þingfestingu þess 18. maí 1995 og þá jafnframt þingfest annað mál, sem stefndu létu sækja þing í. Það mál var fellt niður 30. október 1995.

### III.

Stefnandi kveður Hávöxtunarfélagið hf. hafa keypt fimm skuldabréf, út gefin af Aðalgeiri Finnssyni hf., að nafnvirði 23.441.675 kr., og greitt fyrir þau meira en nafnverð bréfanna, 24.500.664 kr. Kaupverðið hafi tekið mið af því, að bréfin voru verðtryggt samkvæmt byggingarvísitölu með grunnvísitölu september 1989, og þrátt fyrir það að þau væru vaxtalaus og ávöxtunarkrafa kaupanda 9,5% á ári, hafi kaupverð verið herra en nafnverð bréfanna. Ávöxtunarkrafan hafi verið tiltölulega lág, þar sem um skammtímalán hafi verið að ræða og óafturkallanleg ávisun á greiðslur frá Akureyrarbæ talin örugg trygging.

Stefnandi kveður fyrsta gjalddaga skuldabréfanna hafa verið 20. júlí 1990, en fyrstu greiðslu inn á bréfin ekki borist fyrr en 3. ágúst 1990, og í stað þess að vera 3.323.938 kr. auk verðbóta, eins og segi í greiðsluávisun, hafi hún einungis verið 1.099.279 kr. Önnur greiðsla hafi verið innt af hendi 15. ágúst 1990 og numið 477.679 kr. Næsta greiðsla, 1.115.179 kr., hafi ekki borist fyrr en 5. september 1990, en þá hafi tveir gjalddagar bréfanna verið gjaldfallnir. Þrátt fyrir skriflegar ítrekanir og innheimtubréf hafi vanskilin haldið áfram að aukast og næsta greiðsla inn á bréfin ekki borist fyrr en 21. september 1990, að fjárhæð 1.042.769 kr., en þá hafi þrír gjalddagar bréfanna verið fallnir og að auki dráttarvextir og innheimtukostnaður.

Það hafi síðan ekki verið fyrr en 7. nóvember 1990, sem 4.041.681 kr. hafi verið greidd inn á bréfin fimm og greiðslan verið bókuð 9. nóvember 1990. Vegna þessara tafa hafi verið reiknaðir dráttarvextir af innborgun frá 7. nóvember 1990 til 9. nóvember 1990 og þeim ráðstafað inn á skuldabréfin auk innborgunarinnar, 4.715 kr., alls 4.046.396 kr. Þessi greiðsla hafi nægt til að greiða upp fyrsta gjalddaga allra bréfanna auk dráttarvaxta og innheimtukostnaðar og annan gjalddaga þeirra allra utan einn. Þá hafi verið í vanskilum gjalddagar 20. september og 20. október. 5. desember 1990 hafi verið greiddar 2.869.990 kr. Innborgunin hafi verið bókuð inn 7. desember 1990 og dráttarvextir, 3.348 kr., reiknaðir á innborgun vegna tafa. Samtals hafi því verið ráðstafað 2.873.338 kr. til greiðslu afborgana, vaxta og kostnaðar.

Næsta greiðsla hafi ekki borist fyrr en 14. febrúar 1991, að fjárhæð 4.954.649 kr., en þá hafi sjö afborganir bréfanna verið gjaldfallnar. Þegar þessari greiðslu hafði verið ráðstafað inn á afborganir og vexti, hafi fyrstu þrjár afborganir allra bréfanna verið uppgreiddar, en auk þess náðst að greiða fjórðu afborgun þriggja bréfa. Greiðsla, að fjárhæð 3.238.332 kr., hafi síðan verið innt af hendi 28. febrúar 1991, en er bókuð inn á skuldabréfin 5. mars 1991. Vegna þessara tafa hafi dráttarvextir, að fjárhæð 14.143 kr., reiknast á innborgun frá 28. febrúar 1991 til 5. mars 1991 og því ráðstafað inn á skuldabréfin alls 3.252.475 kr.

Lokagreiðsla, að fjárhæð 9.288.90 kr., (?) hafi síðan verið greidd 20. mars 1991 og hrokkið til að greiða upp fjögur bréf. Hluta af þessari greiðslu hafi verið ráðstafað inn á fimmta bréf, samtals 705.138 kr., sem innborgun inn á sjötta gjalddaga bréfsins 20. desember 1990. Engar greiðslur hafi hins vegar borist inn á sjöunda gjalddaga bréfsins, sem hafi verið 20. janúar 1991.

Meðfylgjandi tafla sýnir nánar ráðstöfun innborgana inn á skuldabréfin fimm. Útreikningnum hefur ekki verið mótmælt af hálfu stefndu, heldur einungis grundvelli hans.

Stefnandi kveður stefnufjárhæðina miðast við ógreiddan gjalddaga bréfsins 20. janúar 1991, 844.932 kr., þ. e. afborgun 714.250 kr., verðbætur 129.952 kr. og þóknun 730 kr., auk 186.083 kr. eftirstöðva gjalddagans frá 20. desember 1990, eins og þær hafi verið eftir innborgun 20. mars 1995, samtals 1.031.015 kr.

Stefnandi kveður greiðslur frá Akureyrarbæ ekki hafa nægt til að greiða bréfin fimm að fullu með áföllnum dráttarvöxtum og innheimtukostnaði. Skuldabréfin hafi ekki verið gjaldfelld, heldur hafi dráttarvextir verið reiknaðir af gjaldföllnum afborgunum frá hverjum gjalddaga til greiðsludags. Alls hafi verið ráðstafað 1.539.169 kr. til greiðslu dráttarvaxta vegna skuldabréfanna fimm. Innheimtukostnaður í þeim tilvikum, sem hann er

Afborgun	Afborgun án verðbóta	Byggevísit 147,3	Verðbætur	Afborgun m/verðb.	Pökun	Dráttarv.	Greiðslud.	Greiðsla	Innheimtu- kostnaður	Eftirstöðvar
20.07.1990	3.323.900	171,8	552.855	3.876.755	400	32.199	03.08.1990	1.099.279	0	2.810.075
					400	21.544	15.08.1990	477.679	0	2.354.340
					400	30.083	05.09.1990	1.115.179	0	1.269.644
					400	12.979	21.09.1990	1.042.769	73157	313.411
20.08.1990	3.323.900	171,9	555.112	3.879.012	730	8.950	09.11.1990	323.091		0
					400	187.593	09.11.1990	3.723.305	168969	512.669
					730	8.374	07.12.1990	625.779	104006	0
20.09.1990	3.323.900	172,2	561.881	3.885.781	400	196.772	07.12.1990	2.247.559	31762	1.867.156
					730	76.087	14.02.1991	1.943.973	0	0
20.10.1990	3.323.900	172,5	568.651	3.892.551	400	265.342	14.02.1991	3.010.676	0	1.147.617
					730	14.313	05.03.1991	1.162.660	0	0
20.11.1990	3.323.900	173,2	584.447	3.908.347	400	246.769	05.03.1991	2.089.815	0	2.065.701
					730	19.796	20.03.1991	2.086.227	0	0
20.12.1990	2.609.650	174,1	474.804	3.084.454	730	170.330	20.03.1991	3.255.514	0	0
20.12.1990	714.250	174,1	129.952	844.202	400	46.619	20.03.1991	705.138		186.083
20.01.1991	2.609.650	176,5	517.324	3.126.974	400	114.651	20.03.1991	3.242.025	0	0
20.01.1991	714.250	176,5	129.952	844.202	730					844.932
20.02.1992	1.350	187,3	367	1.717						
Samtals greitt								28.150.668		1.031.015

innheimtur, reiknist með sama hætti einungis af vanskilum. Alls hafi verið ráðstafað 377.894 kr. til greiðslu innheimtukostnaðar vegna skuldabréfanna, þar af hafi virðisaukaskattur numið 74.370 kr.

Stefnandi telur augljóst samkvæmt skilmálum bréfanna, að þau hafi verið verðtryggð. Þetta hafi verið áréttað í yfirskrift bréfanna svo og í sérstökum viðbótartexta. Þar sem gert sé ráð fyrir, að grunnvísitala sé færð inn á bréfin, hafi verið skrifað BVT 147,3, sem svari til byggingarvísitölu í september 1989. Samkvæmt verksamningi milli Verkamannabústaða og Aðalgeirs Finnssonar hf. hafi verið gert ráð fyrir því, að greiðslur væru vísitölutryggðar samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, og vísað til grunnvísitölu 147,3. Vísitöluákvæði þau, sem tengd hafi verið greiðslum, er ávísað var til Hávöxtunarfélagsins hf., hafi því verið hin sömu og í skuldabréfunum.

Við sölu skuldabréfanna hafi augljóslega verið miðað við, að skuldabréfin væru vísitölutryggð, þar sem kaupverð bréfanna hafi verið hærra en nafnverð þeirra þrátt fyrir 9,5% ávöxtunarkröfu. Seljanda bréfanna, Aðalgeiri Finnssyni, framkvæmdastjóra Aðalgeirs Finnssonar hf., hafi verið fyllilega ljóst, hvaða vísitala hafi verið lögð til grundvallar við sölu bréfanna, enda bréfin útbúin í samráði við hann. Fyrirtækinu Aðalgeiri Finnssyni hf. hafi verið sendir greiðsluseðlar og kvittanir fyrir greiðslum, þar sem gert hafi verið ráð fyrir verðbótum samkvæmt byggingarvísitölu, og engar atugasemdir verið gerðar af hálfu fyrirtækisins við þá útreikninga. Byggingafélag Gylfa og Gunnars ehf., sem hafi tekið við réttindum og skyldum Aðalgeirs Finnssonar hf., geti ekki við yfirtökuna öðlast annan og betri rétt en fyrirtækið Aðalgeir Finnsson hf. hafði. Telur stefnandi, að hækkun byggingarvísitölu og lánsklaravísitölu hafi verið svipuð á því tímabili, sem um er að ræða, og skipti litlu fyrir skuldara, við hvora vísitöluna sé miðað.

Stefnandi vísar til þess, að í athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 13/1979 komi fram, að ætlunin með lagasetningunni hafi m. a. verið að tryggja, að sem best jafnræði væri með kröfuhafa og lántaka, en slíkt jafnræði hafi verið í máli þessu, þar sem verðtryggingarákvæði í skuldabréfunum hafi staðist á við verðtryggingu þeirra greiðslna, sem ávísað var til greiðslu á skuldabréfunum.

Þá telur stefnandi ekki rétt, að hann verði látinn gjalda þess, að vísitöluákvæði bréfsins hafi ekki verið í fullu samræmi við skilyrði fyrir verðtryggingu í auglýsingu Seðlabanka Íslands, þar sem Hávöxtunarfélagið hf. hafi ekki verið lánveitandi í skilningi laganna, heldur kaupandi skuldabréfa, sem gefin voru út til annars kröfuhafa og framseld af honum. Þá hafi kaupverð bréfanna verið miðað við, að höfuðstóll þeirra hefði í raun hækkað í samræmi við hækkun á byggingarvísitölu frá september 1989 til kaupdags, 6.

febrúar 1990, og því myndu stefndu auðgast á kostnað stefnanda á óréttmætan hátt, ef talið yrði, að stefndu ættu aðeins að endurgreiða höfuðstól bréfanna án vaxta og verðtryggingar.

Stefnandi mótmælir því, að dráttarvextir af kröfunni séu fyrndir, þar sem fyrningu hafi verið slitið með málshöfðun árið 1994 og frávísunarúrskurður 3. nóvember hafi haft það í för með sér, að fyrningarfrestur lengdist um sex mánuði. Ný málshöfðun 18. maí 1995 hafi því verið innan fyrningarfrests. Það mál hafi verið hafið 30. október 1995, en veitt nýjan sex mánaða viðbótarfyrningarfrest. Mál þetta hafi verið höfðað, áður en sá sex mánaða frestur rann út, og séu dráttarvextirnir því ófyrndir.

Stefnandi kveðst reka málið á grundvelli XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt á málflytninguþóknun sé reist á lögum nr. 50/1988, þar sem lögmönnum er gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur, og beri honum því nauðsyn að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefndu.

#### IV.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að stefndi Aðalgeir, sem var forsvarsmaður Aðalgeirs Finnssonar hf., hafi á sínum tíma leitað til stefnanda eftir aðstoð til að afla fjár á grundvelli auglýsinga stefnanda um sérfræðilega ráðgjöf. Stefnandi hafi tekið að sér að útvega fé gegn tryggingu í greiðslum frá Akureyrarbæ. Sérfræðingur stefnanda hafi ráðið því og stjórnad, hvers konar skuldabréf hafi verið búin út til að afla fjárins. Fjárhæð skuldabréfanna og skilmálar hafi verið ákveðnir af sérfræðingum stefnanda og stefnda Aðalgeiri lofað því, að greiðslur samkvæmt verksamningnum myndu duga til uppgreiðslu skuldabréfanna. Stefndi Aðalgeir hafi fyrir hönd Aðalgeirs Finnssonar hf. verið látinn ávísa tilteknum greiðslum samkvæmt verksamningum með óafturkallanlegum hætti. Nafnverð skuldabréfanna og fjárhæð ávísaðra greiðslna hafi verið nánast samhljóða. Skuldabréfin hafi verið vaxtalaus, og í fjórða tölulið hins staðlaða texta hvers skuldabréfs hafi verið ákvæði um, að kæmi til greiðsludráttar, héldist verðtrygging á gjaldfallinni fjárhæð. Stefndi Aðalgeir skildi verksamninginn svo, að í honum væru sams konar verðtryggingarákvæði. Hann hafi því treyst þeirri ráðgjöf sérfræðinga stefnanda, að svo væri tryggilega búið um hnútana, að hinar ávísuðu greiðslur frá Akureyrarbæ myndu að fullu svara til afborgana skuldabréfanna hverju sinni. Af hálfu stefnda Aðalgeirs hafi einnig verið litið svo á, að stefnandi myndi á grundvelli ávísunarinnar annast innheimtu greiðslna hjá Akureyrarbæ og gæta allra hagsmuna við innheimtuna, þ. m. t. að krefja um verðbætur, dráttarvexti og kostnað, eftir því

sem við ætti, til, að greiðslur dygðu til greiðslu skuldabréfanna hverju sinni. Af gögnum málsins megi ráða, að greiðslur frá Akureyrarbæ hafi dregist langt umfram það, sem verksamningurinn hafi kveðið á um, án þess að stefndu verði um kennt.

Stefndu kveðast ekki hafa fengið neina tilkynningu um það frá stefnanda, að greiðslur frá Akureyrarbæ hefðu ekki dugað til uppgreiðslu skuldabréfanna. Vitneskju um þá afstöðu stefnanda hefðu stefndu ekki fengið fyrr en með stefnu í febrúar 1994. Sýknukrafan byggist á því, að stefnandi verði sjálfur að bera hallann af því, að mál gengu ekki eftir í samræmi við ráðleggingar sérfræðinga hans. Verði litið svo á, að stefnandi hafi þrátt fyrir mistök sérfræðinga sinna átt kröfu á hendur stefndu, er því haldið fram, að hann hafi tapað þeim rétti vegna tómlætis um hagsmuni sína.

Sýknukrafan er enn fremur á því reist, að verðtrygging skuldabréfanna samkvæmt byggingarvísitölu hafi verið með öllu óheimil samkvæmt lögum nr. 13/1979 og auglýsingu Seðlabanka Íslands frá 29. maí 1979, og því beri að líta svo á, að verðtrygging með þeim hætti hafi verið markleysa. Vitneskja og/eða samþykki stefnda Aðalgeirs við verðtryggingu skuldabréfanna með þessum hætti breyti engu þar um, enda hafi hann við útgáfu bréfanna farið að ráðum sérfræðinga stefnanda. Af fram lögðum gögnum málsins megi sjá, að tilgreindar greiddar verðbætur nemi mun hærri fjárhæð en stefnukröfur máls þessa. Þær fjárhæðir hafi með réttu átt að ganga til greiðslu á höfuðstól skuldabréfanna, og sé því ekki um neina skuld stefndu að tefla.

Verði ekki á ölogmætið fallist, er byggt á því, að vegna óskýrleika í skuldabréfinu um verðtryggingarákvæði beri að líta svo á, að skuldabréfið sé óverðtryggt með öllu og afleiðingar þess þá hinar sömu og áður hafi verið lýst.

Útreikningum stefnanda á greiðslum skuldabréfanna hverju sinni er mótmælt sem röngum, og sérstaklega er því mótmælt, að stefnandi hafi haft rétt til að reikna sér innheimtukostnað, að fjárhæð 377.894 kr. Verði ekki á framangreind sjónarmið um sýknu fallist, er krafan um, að stefnufjárhæð verði lækkuð verulega, á því reist, að verðbætur, dráttarvextir og innheimtukostnaður séu oftekin. Dráttarvöxtum eldri en næstu fjórum árum fyrir stefnubirtingu er mótmælt sérstaklega sem fyrndum.

Um lagarök vísa stefndu m. a. til ákvæða laga nr. 13/1979 og auglýsinga Seðlabanka Íslands á grundvelli 39. gr. hinna tilvitnuðu laga, einnig til laga um verðbréfafyrirtæki og verðbréfaþjónustu og lagareglna um, að verðbréfafyrirtæki beri ábyrgð á sérfræðilegri ráðgjöf starfsmanna sinna. Loks er vísað til vaxtalaga nr. 25/1987 og laga nr. 14/1905.

Mál þetta er rekið sem skuldabréfamál á grundvelli XVII. kafla einkamála laga nr. 91/1991.

Í aðilaskýrslu Aðalgeirs Finnssonar og vitnaskýrslu Agnars Kofoed-Hansen, sem annaðist kaup á skuldabréfunum, kom fram, að ætlunin hefði verið, að bréfin væru verðtryggð samkvæmt byggingarvísitölu til samræmis við samningsákvæði í verksamningi útgefanda bréfanna og Verkamannabústaða á Akureyri. Með skírskotun til þess og tilgreiningu á vísitölu í bréfinu sjálfu þykir ekki fara á milli mála, að skuld samkvæmt bréfinu skyldi vera bundin byggingarvísitölu með grunnvísitölu september 1989.

Óumdeilt er, hvornig bréfin urðu til, en þau voru gefin út af Aðalgeiri Finnssyni hf. til Aðalgeirs Finnssonar og síðan seld Hávöxtunarfélaginu hf. með sjálfskuldarábyrgð upphaflegs kröfuhafa. Við útgáfu bréfanna voru í gildi verðtryggingarákvæði laga um efnahagsmál nr. 13/1979, svo sem þeim var breytt með lögum nr. 13/1989. Í athugasemdum með frumvarpi, sem varð að lögum nr. 13/1979, segir svo um verðtryggingarákvæði það, sem varð 2. tl. 1. mgr. 39. gr.:

„Grundvöllur þessa ákvæðis er, að sem mest jafnræði sé með kröfuhafa og lántaka vegna breytinga á verðmælisgrundvelli, sem kunna að eiga sér stað á lánstímanum.“ Í 3. tl. 1. mgr. 39. gr. segir, „að grundvöllur verðtryggingar sé sem hér segir:

a. miðað við opinbera skráða vísitölu eða vísitölur, eins og þær eru reiknaðar á hverjum tíma,

b. miðað við gengi erlends gjaldeyris, þar sem slíkt er heimilt samkvæmt lögum eða reglugerð.“

Í athugasemdum frumvarpsins vegna þessa skilyrðis verðtryggingar segir m. a.: „Ætla má, að meginreglan verði sú, að vísitala framfærslukostnaðar eða vísitala byggingarkostnaðar verði notaðar sem verðmælir í verðtryggðum samningum og skuldbindingum.“

Í samræmi við 2. mgr. 39. gr. laganna gaf Seðlabanki Íslands út auglýsingu 29. maí 1979 m. a. um verðtryggingu í skriflegum lánsamningum utan innlánsstofnana. Í auglýsingunni kom fram, að heimilt væri að veita lán í formi skuldabréfa gegn fullri verðtryggingu með þeim skilmálum m. a., að höfuðstóll skuldabréfanna miðaðist við lánskjaravísitölu.

Skuldabréf þau, sem hér eru til umfjöllunar, fullnægðu ekki þessu skilyrði. Við mat á því, hvort skortur þessa skilyrðis eigi að leiða til þess, að stefnandi hafi átt rétt á verðbótum af höfuðstól bréfanna í samræmi við hækkan byggingarvísitölu frá september 1989 fram til gjalddaga bréfanna, verður að líta til ofangreindra athugasemda með frumvarpi til laga nr. 13/1979. Einnig ber að taka mið af því, að Hávöxtunarfélagið hf. var formlega

séð ekki lánveitandi, heldur kaupandi bréfsins og verðtryggingarákvæði bréfsins stóðust nákvæmlega á við verðtryggingarákvæði greiðslna samkvæmt verksamningi, sem ávísað var til greiðslu á skuldabréfinu. Þá verður ekki fram hjá því litið, að þrátt fyrir ávöxtunarkröfu kaupanda bréfanna var kaupverð þeirra langt yfir nafnvirði þeirra, þótt bréfin væru vaxtalaus, og sýnir það, að við kaupin var miðað við, að verðmæti bréfanna hefði þegar hækkað í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu frá september 1989 til 6. febrúar 1990. Þegar allt þetta er haft í huga, verður ekki annað séð en seljandi bréfsins, Aðalgeir Finnsson, og rétttaki útgefanda þess, Byggingafélag Gylfa og Gunnars hf., myndu auðgast á óréttmætan hátt á kostnað stefnanda, ef talið yrði, að stefnandi hefði ekki mátt reikna bréfin upp samkvæmt hækkun á byggingarvísitölu við uppgjör bréfanna. Eins og atvikum málsins er háttað, verða stefndu því ekki sýknaðir af kröfu stefnanda, þótt nokkuð hafi skort á, að skilyrðum auglýsinga Seðlabanka Íslands væri fullnægt.

Eins og að framan greinir, greiddi bæjarsjóður Akureyrar Hávöxtunarfélaginu hf. samtals 28.150.668 kr. á grundvelli framangreindrar ávísunar. Ef greiðslur hefðu borist kröfuhafa á réttum gjalddögum, hefðu þær átt að nema 27.354.226 kr. Samkvæmt framangreindum verksamningi skyldu greiðslur vera verðbættar til greiðsludags, og stafar ofangreindur mismunur af verðbótum, sem bættust við greiðslu Akureyrarbæjar, þar sem þær dróguust talsvert fram yfir upphaflega ákveðna gjalddaga.

Samkvæmt skýrum ákvæðum skuldabréfanna mátti stefnandi reikna dráttarvexti af gjaldföllnum greiðslum. Þar sem stefnandi áskildi sér innheimtukostnað af gjaldföllnum afborgunum og ráðstafaði hluta af innborgunum inn á hann og reiknaðir dráttarvextir voru mun hærri en verðbættur þær, sem Akureyrarbær greiddi, dugðu ávísaðar greiðslur ekki til að greiða skuldabréfin að fullu.

Telja verður, að með óafturkallanlegri ávísun Aðalgeirs Finnssonar hf. og skuldbindingu bæjarsjóðs Akureyrar um að inna af hendi greiðslur samkvæmt samningnum beint til Kaupþings f. h. Hávöxtunarfélagsins hf. hafi ekki falist annað en trygging á réttum efndum samkvæmt skuldabréfunum. Viðtaka þessarar tryggingar lagði stefnanda ekki þær skyldur á herðar að reka á eftir greiðslum frá Akureyrarbæ eða krefjast dráttarvaxta, enda var hvorki í framangreindri ávísun né í verksamningnum heimild til töku dráttarvaxta af Akureyrarbæ, heldur gert ráð fyrir, að greiðslur væru verðtryggðar samkvæmt byggingarvísitölu allt til uppgjors, eins og áður er rakið. Ekki er upplýst í máli þessu, hvað tafði greiðslurnar, en ljóst þykir, að stefndu, sem voru sammingsaðilar Akureyrarbæjar, stóð það nær en stefn-

anda að tryggja, að greiðslurnar bærust á réttum tíma. Stefnandi hefur lagt fram í málinu ljósrit af innheimtubréfum, sem öll eru stíluð á Aðalgeir Finnsson á heimilisfang Aðalgeirs Finnssonar hf., og verður að líta svo á, að þau hafi borist stefnda og félaginu. Með hliðsjón af ofangreindu þykja stefndu verða að bera ábyrgð gagnvart stefnanda á þessum greiðsludrætti og þeim vanskilum, sem urðu á greiðslu samkvæmt skuldabréfunum vegna hans.

Stefnandi annaðist innheimtu allra skuldabréfanna f. h. Hávöxtunarfélagsins hf. Vegna dráttar á greiðslu afborgana, sem greiða átti 20. júlí og 20. ágúst 1991, voru send innheimtubréf, dags. 22. ágúst 1991, á heimilisfang félagsins. Afrit af fjórum innheimtubréfum hafa verið lögð fram í málinu. Í þeim bréfum, sem rituð eru í nafni lögmanns, er starfaði hjá Kaupþingi hf. á þeim tíma, kom fram, að fallinn væri á kröfu innheimtukostnaður og færi stighækkandi viku frá viku, ef bréfunum yrði ekki komið í skil.

Hluta af næstu innborgunum ráðstafaði stefnandi síðan til greiðslu á innheimtukostnaði. Af innborgun 9. nóvember 1990 var 242.126 kr. ráðstafað inn á innheimtukostnað og 135.768 kr. af innborgun 7. desember 1990, samtals 377.894 kr. Í fram lagðri gjaldskrá stefnanda kemur fram, að innheimtupóknun er reiknuð sem hlutfall af gjaldfallinni skuld, og lækkar hlutfallið úr 25% af fyrstu 24.32 kr. (?) í 2% af því, sem er umfram 3.667.439 kr. Stefnandi kveður innheimtupóknunina hafa verið reiknaða í samræmi við gjaldskrá sína.

Ekki hefur verið gerð grein fyrir því í málinu, hvort innheimtukostnaður var reiknaður af gjaldfallinni skuld í heild sinni, eins og rétt var að gera, þar sem kröfuhafi allra bréfanna var hinn sami, skuldarar hinir sömu og sömu gjalddagar, eða hvort hann var reiknaður af hverju einstöku skuldabréfi. Verulegu máli skiptir, hvor aðferðin var notuð. Þar sem ekki þykja hafa verið lögð fram fullnægjandi gögn um álagningu innheimtukostnaðarins eða nægjanleg grein gerð fyrir útreikningi hans og stefndu hafa mótmælt honum sérstaklega, þykir ekki verða hjá því komist að vísa þeim þætti stefnukröfunnar, sem stafar af gjaldfærslu innheimtukostnaðar, frá dómi án kröfu á grundvelli vanreifunar. Lækkar því höfuðstóll kröfunnar sem nemur fjárhæðum þeim, er stefnandi ráðstafaði til greiðslu á innheimtukostnaði 9. nóvember og 7. desember 1990, ásamt 21% dráttarvöxtum á ári af 242.126 kr. frá 9. nóvember 1990 til 7. desember 1990, af 377.894 kr. frá þeim degi til 1. mars 1991, en 23% dráttarvöxtum á ári af sömu fjárhæð frá þeim degi til 20. mars 1991, þegar síðast var greitt inn á skuldabréfin, en allan þann tíma voru einhverjar gjaldfallnar afborganir í vanskilum og báru því dráttarvexti. Nemur lækkun kröfunnar 404.974 kr. af þessum sökum.

Krafa samkvæmt skuldabréfi fyrnist á tíu árum samkvæmt 1. tl. 4. gr. fyrningarlaga nr. 14/1905. Krafa vegna ábyrgðarskuldbindinga fyrnist þó á fjórum árum samkvæmt 4. tl. 3. gr. og krafa um gjaldkræfa vexti sömuleiðis á fjórum árum samkvæmt 2. tl. 3. gr. Fyrningarfrestur tekur að líða, þegar krafa er gjaldkræf.

EKKI verður tekið mið af síðasta gjalddaga bréfsins, 20. febrúar 1992, við afmörkun á upphafi fyrningarfrests, enda virðist hann hafa verið til mála-mynda til að komast fram hjá verðtryggingarskilyrði laga nr. 13/1979 um lengd lánstíma. Einungis átti að greiða 250 kr. á þessum síðasta gjalddaga, og er hann ekki tekinn með í þann útreikning, sem liggur að baki kröfugerð í málinu.

Síðasti eiginlegi gjalddagi skuldabréfsins var 20. janúar 1991, og var skuldin þá öll gjaldkræf. Síðast var greitt inn á skuldina 20. mars 1991, og hófst þá nýr fyrningarfrestur á kröfunni, jafnlangur hinum fyrri, sbr. 6. gr. fyrningarlaga nr. 14/1905. Mál vegna skuldabréfs þess, sem mál þetta er grundvallað á, var fyrst höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur með stefnu, þingfestri 3. mars 1994, en því máli var vísað frá dómi með úrskurði 3. nóvember 1994. Annað mál var höfðað á grundvelli skuldabréfsins með stefnu, birtri 2. maí 1995, en það var fellt niður að kröfu stefnanda við þingfestingu þess 18. maí 1995. Sá galli var á máltilbúnaði í því máli, að kröfur vegna skuldabréfsins voru gerðar á hendur stjórnarformanni Byggingafélags Gylfa og Gunnars ehf., en ekki félaginu sjálfu. Kröfur voru einnig gerðar á hendur Aðalgeiri Finnssyni í því máli.

Sama dag og ofangreint mál var þingfest og fellt niður, þingfesti stefnandi þriðja málið á hendur stefndu vegna sama skuldabréfs, og var sótt þing af hálfu stefndu í því máli. Það var fellt niður að kröfu stefnanda 30. október 1995. Þetta mál var síðan höfðað með stefnu, birtri 18. apríl 1996.

Telja verður, að með málshöfðun þeirri, sem lauk með frávisun 3. nóvember 1994, hafi stefnandi rofið fyrningarfrest gagnvart báðum stefndu. Með nýrri málshöfðun 2. maí 1995 tókst honum að varna því, að ábyrgðarkrafa á hendur stefnda Aðalgeiri fyrntist, enda vantaði þá dag upp á, að liðinn væri sá sex mánaða frestur, sem hann hafði samkvæmt 6. gr. laga nr. 14/1905 til að höfða nýtt mál. Stefnanda tókst að varna fyrningu kröfu sinnar á hendur Aðalgeiri með þingfestingu þriðja málsins 18. maí 1995 og aftur með birtingu stefnu í þessu máli 18. apríl 1996, samanber niðurlagsákvæði l. mgr. 11. gr. laga nr. 14/1905. Þar sem stefnda Byggingafélagi Gylfa og Gunnars ehf. var ekki stefnt í því máli, sem fellt var niður 18. maí 1995, og stefna í þessu máli var ekki birt fyrr en 18. apríl 1996, er fyrnd krafa á hendur félaginu um dráttarvexti frá 20. mars 1991 til 18. apríl 1992.

Stefnandi þykir ekki hafa sýnt af sér slíkt tómlæti um innheimtu skuldarinnar, að leitt geti til sýknu.

Að teknu tilliti til alls framangreinds verða stefndu dæmdir til að greiða stefnanda óskipt 1.031.015 kr. að frádregnum innheimtukostnaði og dráttarvöxtum af honum til 20. mars 1991, 404.974 kr., alls 626.041 kr. Stefndi Aðalgeir Finnsson verður dæmdur til að greiða dráttarvexti af kröfunni frá 20. janúar 1991, en stefndi Byggingafélag Gylfa og Gunnars ehf. frá 18. apríl 1992, eins og í dómsorði greinir.

Eftir úrslitum málsins þykir rétt, að stefndu greiði stefnanda óskipt málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 150.000 kr., og er þá tekið tillit til þess, að stefnandi er ekki virðisaukaskattsskyldur.

Sigurður T. Magnússon héraðsdómari kvað upp dóminn.

#### D ó m s o r ð:

Stefndu, Byggingafélag Gylfa og Gunnars ehf. og Aðalgeir Finnsson, greiði stefnanda, Kaupþingi hf., óskipt 626.041 krónu með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 18. apríl 1992 til greiðsludags og 150.000 krónur í málskostnað.

Stefndi Aðalgeir Finnsson greiði stefnanda auk þess dráttarvexti af 626.041 krónu frá 20. janúar 1991 til 18. apríl 1992.

Þeim hluta kröfu stefnanda, sem er til kominn vegna innheimtukostnaðar og dráttarvaxta af honum, samtals 404.974 kr., er vísað frá dómi án kröfu.

---